

# Vernum börnin

Börn eru ekki í áhættuhóp vegna Covid og því teljum við engan vísindalegan grundvöll fyrir að sprauta þau með tilraunaefnum sem enn eru í rannsóknarferli. Engar langtímarannsóknir liggja fyrir um áhrif þessarar lyfjagjafar á börn. Það er ekki vitað um áhrif þeirra á þroska heila og taugakerfis eða á hormónakerfi barna til langs tíma.

Einkennalaus börn eru ekki sjúklingar. Börnum stafar almennt engin hættu af þessum sjúkdómi. Börn eru flest hver með sterkt og gott ónæmiskerfi. Samkvæmt lögum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum á hver og einn rétt á að ákveða sjálfur hvort hann þiggur lyfjameðferð. Það er lagalegur réttur allra foreldra að segja nei, hvort sem um er að ræða bólusetningar eða önnur inngríp.

**Rök okkar eru í stuttu máli þessi:** Sprautulyf gegn Covid eru enn á rannsóknarstigi. Pfizer fékk sérstakt *neyðarleyfi* frá FDA (matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna) til að mega framleiða lyfið fyrir börn. Leyfið byggði á þeirri forsendu að það mætti nota ef neyðarástand skapaðist. Á Íslandi er ekki neyðarástand og allra síst gagnvart börnum. Börnum stafar almennt engin hættu af þessum sjúkdómi. Okkur finnst full ástæða til að rannsaka þetta nánar áður en farið er út í að sprauta börn með þessum lyfjum í stórum stíl. Við viljum undirstrika að hér er ekki um að ræða bóluefni í hefðbundnum skilningi.

## Um aukaverkanir:

Lyfjastofnun hafa borist 5.847 tilkynningar (til og með 14.12.21) vegna gruns um aukaverkun í kjölfar lyfjasprautu, þar af 251 alvarlegar. Tilkynningarnar má sjá á vef Lyfjastofnunar. Skilgreining Lyfjastofnunar á því hvað teljast alvarlegar aukaverkanir er svohljóðandi: „Aukaverkun eða óæskileg áhrif lyfs sem leiðir til dauða, lífshættulegs ástands, sjúkrahúsvistar eða lengingar á sjúkrahúsvist, veldur fötlun eða fæðingargalla hjá mönnum. Í Englandi og Wales hefur orðið 63% *aukning á dauðsföllum unglingsdregja* frá því þessi lyfjagjöf hófst. Í sumari birtist í *Morgunblaðinu* grein eftir tvo íslenska hjartalækna sem lögðu til að varlega væri farið í fulla bólusetningu hjá börnum. Í greininni skora þeir á sóttvarnaryfirvöld að gefa ekki fleiri skammta af bóluefnum en nauðsynlegt er með tilliti til ávinnings og áhættu. Læknarnir, þeir Sigfús Örvar Gizurarson og Kristján Guðmundsson vísuðu til þess að heilbrigð börn án alvarlegra undirliggjandi sjúkdóma væru í afar lítilli áhættu á að veikjast alvarlega í kjölfar kórónaveirusýkingar.

*„Þannig hafa ungmenni á Íslandi greinst með hjartavöðvabólgu og bólgu í gollurshúsi eftir bólusetningar. Oft er um að ræða væg einkenni og sjúkdóm, en slíkir sjúkdómar geta valdið varanlegum skaða á hjartavöðvann og áhrifin koma oft ekki fram til fulls fyrr en mörgum árum síðar. Af gögnum frá Bandaríkjunum virðast þessir fylgikvillar koma fram mun oftar eftir seinni bólusetningu. Einnig sýna gögn að drengir og ungir karlmenn séu í sérstaklega mikilli áhættu fyrir þessum fylgikvilla.“ ... „Foreldrar barna og ungmenna ættu að kynna sér vel ávinning og áhættu af bólusetningu og við óvissu er rétt að bíða og sjá hvað setur.“*

**Kínversk rannsókn** sýndi að 1 af hverjum 3000 drengjum á aldrinum 12-15 fengju hjartavöðvabólgu eða 0,03%. Ef eins færi fyrir yngri hópnum væri ávinningurinn orðinn að engu. Aðrar aukaverkanir eru vel mögulegar og ómögulegt að segja til um langtímaáhrif eftir sprauturnar enda er hér um að ræða einstaklinga enn í vexti og þroska.

**Yfir 800 af þeim tilkynningum sem hafa borist Lyfjastofnun** varða raskanir á tíðahring kvenna í kjölfar lyfjagjafar gegn Covid-19. Þá eru um 2.700 meðlimir í Facebook-hópi sem ber nafnið „*Tíðarhringur bóluasettra kvenna gegn C19*“. Og hann fer ört stækkandi. Konurnar tala um langvarandi blæðingar, jafnvel vikum og mánuðum saman. *Sjá umfjöllun hér*. Í hópnum „Mæðratips“ á Facebook eru fjölmargar mæður að lýsa yfir áhyggjum sínum yfir krónískum blæðingum unglingsdætra þeirra eftir sprautuna.

*Franska læknaakademían* leggst gegn sprautum barna við Covid og það gera *finnsk heilbrigðisyfirvöld* líka.

### **Lög og alþjóðlegir sáttmálar:**

**Lögum um réttindi sjúklinga er ætlað** að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber á milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna. Meðferð er þar skilgreind sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Foreldrar eiga að hafa val. Samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi skal enginn sæta læknisfræðilegum eða vísindalegum tilraunum án frjáls samþykkis hans.

Það er ekki ásættanlegt að mismuna börnum með áróðri í skólum, hvorki varðandi heilsu þeirra né annað sem snýr að þeim sjálfum. Úr *siðareglum kennara*:

*„Gagnrýnin hugsun og virðing eru stef í siðareglum kennara. Hlutverk kennara er mikilvægt og því eru kennarar hvattir til að kynna sér samþykktir Kennarasambands Íslands í þessum málaflokki... Kennari vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.“*

Að auki vísuð við í Barnasáttmála SP, Nüremberg samkomulagið, Helsinkiyfirlýsingu lækna, ákvæði barnalaga og laga um heilbrigðisstarfsmenn. Nüremberg samkomulagið er alþjóðlegt samkomulag um að hver og einn hafi rétt til að taka ákvarðanir um það sem gert er við líkama hans. Helsinkiyfirlýsing lækna er hluti af þeim siðareglum sem læknar starfa eftir og varða meðal annars rannsóknir á mönnum. Úr Helsinkiyfirlýsingunni:

*„Ef mögulegur þátttakandi í rannsókn er ekki fær um að veita upplýst samþykki, verður rannsakandinn að leita upplýsts samþykkis lögráðamanns.*

...

*Læknar verða að taka tillit til þeirra siðferðislegu reglna og viðmiða, sem og þeirra laga og reglna, sem gilda um rannsóknir á mönnum í heimalandi þeirra, svo og þær alþjóðlegu kröfur og viðmið sem við eiga. Engar siðferðislegar kröfur eða lög og reglur í neinu landi eða á heimsvísu, mega draga úr eða afnema neina þá verndun þátttakenda, sem sett er fram í yfirlýsingu þessari.“*